

## AUGLÝSING

### staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Fræðslumiðstöð Þingeyinga nr. 25 7. janúar 2000.

Á aðalfundi 26. maí 2003 samþykkti stjórn Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga breytingar á 4. og 8. grein skipulagsskrár Fræðslumiðstöðvarinnar, þannig að þær verði framvegis sem hér segir:

#### 4. gr.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga er skipuð sjö mönnum sem tilnefndir eru til tveggja ára, og jafnmörgum til vara. Stjórn ásamt varamönnum skipa fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvarinnar.

Stjórn og varamenn skulu tilnefndir á ársfundi af fulltrúum stofnenda. Eftirfarandi aðilar skulu tilnefna einn fulltrúa hver í aðalstjórn: Húsavíkurbær, héraðsnefnd Þingeyinga fyrir hönd annarra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum, Framhaldsskólinn á Laugum, Framhaldsskólinn á Húsavík, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, að auki skulu stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum annars vegar og fyrirtæki/stofnanir í Þingeyjarsýslum hins vegar tilnefna einn fulltrúa hvor.

Þá skulu tilnefndir varamenn af eftirtöldum aðilum: Félagasamtökum í Þingeyjarsýslum, Háskólanum á Akureyri og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, Húsavíkurbæ, héraðsnefnd Þingeyinga fyrir hönd annarra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum, Framhaldsskólunum á Laugum og á Húsavík (sameiginlega) og stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum.

Fulltrúaráð (varamenn) skal boða til stjórnarfunda, svo sem þurfa þykir, fulltrúaráð hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann, varaformann og ritara.

Stjórn boðar og undirbýr ársfund með minnst 7 daga fyrirvara. Ársfundur skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Til ársfundar skal boða allt fulltrúaráð (aðalmenn og varamenn) Fræþings, jafnframt skal stofnaðilum tilkynnt um ársfund með tryggilegum hætti og þeim boðið að senda fulltrúa til fundarins. Á ársfundi skal lýsa tilnefningum í stjórn, leggja fram reikninga síðasta árs ásamt ársskýrslu stjórnar. Ársfundur getur ályktað um megináherslur í starfi Fræþings. Stjórn fer með fullt umboð milli ársfunda.

#### 8. gr.

Reikningsár Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga er almanaksárið.

Framkvæmdastjóri skal eigi síðar en viku fyrir ársfund leggja fram skýrslu um starfsemi og endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs. Skýrsla um starfsemi ásamt endurskoðuðum ársreikningi skal send fulltrúaráði (stjórn og varastjórn Fræþings) með fundarboði vegna ársfundar.

Reikningar miðstöðvarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem kosinn er á ársfundi til eins árs í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár, ásamt skýrslu um hvernig fé miðstöðvarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. janúar 2004.*

F. h. r.  
**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

